

Að þessu sinni er Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Gerhild Hammer
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Jelena Kuzminova

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Þórey Steinarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Alasdair Barbour

Víóla

Sölvi Karlsson
Súsanna Ernst Friðriksdóttir
Ellen Reichl

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Veronique Jacques
Anna Tryggvadóttir
Þorbjörg Sveinsdóttir
Sverrir Teitsson
Hrefna Guðmundsdóttir

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason
Leifur Benediktsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karolínudóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Brynjar Björnsson
Torfi Þór Gunnarsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Mirjam Schmidt

Pákur

Eggert Pálsson


Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 10. febrúar 2013 kl.17:00



Einleikari:
Guðrún Másdóttir

Stjórnandi:
Oliver Kentish



Honegger, Sigurður Sævarsson og Beethoven

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveit áhugamanna verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 17. mars, næstkomandi. Þá verður flutt Siegfried Idyll eftir Wagner og Sinfónía nr. 104 eftir Haydn. Einnig verður frumflutt nýtt verk fyrir strengjasveit eftir Véronique Jacques en hún er nýr félagi í hljómsveitinni.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2013.



Reykjavíkurborg

Efnisskrá:

Arthur Honegger (1892–1955): Pastorale d'Été
*Calme – Animez, mais très peu – Vif et gai –
Tempo primo – Très calme*

Sigurður Sævarsson: „Senur“, fjórir kaflar fyrir óbó og strengjasveit
(frumflutningur)

HLÉ

Ludwig van Beethoven (1770–1827): Sinfónía númer 1 í C-dúr, ópus 21
*Adagio molto – Allegro con brio
Andante cantabile con moto
Menuetto. Allegro molto e vivace
Adagio – Allegro molto e vivace*

Höfundar, tónverk og flytjendur:

Arthur Honegger (1892–1955) var af svissnesku bergi brotinn en fæddist í Frakklandi og bjó lengst af í París. Svisslendirar eigna sér hann samt mjög ákveðið og til að undirstrika það er mynd af honum á svissneska 20-franka peningaseðlinum. Hann var mikilvirkt tónskáld, samdi sinfóniur, óperur, balletta og tónlist fyrir kvikmyndir meðal margs annars. Nafn hans er gjarnan nefnt í tengslum við hóp tónskálda, „Les Six“, sem störfuðu í Montparnasse-hverfinu í París og höfðu áhrif hvert á annað. Meðal þeirra voru Darius Milhaud og Francis Poulenc. Tónsmíðastíll Honeggers einkennist af sterkum kontrapunkti, ákveðnum takti, áleitnum laglínunum og litríkum hljómunum. Pastorale d'été er samið 1920 og er eitt af þekktari verkum hans. Það er sinfónískt ljóð fyrir kammersveit og varð til í sumarfríi Honeggers í svissnesku Ölpunum. Það er fríður yfir þessu verki, sterk og sveitaleg morgunstemning í frísku fjallalofninu.



Sigurður Sævarsson hóf söngnám við Tónlistarskólann í Keflavík undir handleiðslu Árna Sigvatssonar. Þaðan lá leiðin í Nýja tónlistarskólann, þar sem hann nam hjá Sigurði Demetz Franzsyni og Alinu Dubik. Hann lauk þaðan prófi vorið 1994. Sama ár hóf Sigurður söng- og tónsmíðanám við Boston University í Bandaríkjunum, þar sem kennarar hans voru William Sharp, Charles Fussell, Sam Hedrick og Martin Amlin. Hann lauk þaðan meistaraþrófi í báðum greinum vorið 1997.

Helstu viðfangsefni Sigurðar hafa verið óperur og kórverk. Tveir geisladiskar hafa verið gefnir út með verkum hans. Hallgrímsspásía kom út 2010 í flutningi Schola cantorum, Caput



Stjórnandi, tónskáld og einleikari: Oliver Kentish, Sigurður Sævarsson og Guðrún Másdóttir

Jóhanns Smára Sævarssonar og Kirstínu Ernu Blöndal undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Sigurður samdi „Senur“ upphaflega fyrir óbó og strengjakvartett, að tilhlutan Eydisar Franzdóttur óbóleikara. Verkið var frumflutt á Myrkum Músikdögum 2012 og hefur verið flutt nokkrum sinnum síðan í Tékklandi og Þýskalandi. Sigurður umritaði verkið fyrir skömmu fyrir óbó og strengjasveit og er sú gerð verksins frumflutt hér.

Guðrún Másdóttir hóf að læra á óbó í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar 14 ára að aldri og lauk þaðan fullnaðarprófi árið 1992 undir handleiðslu Daða Kolbeinssonar. Hún sótti nær öll námskeið Sinfóníuhljómsveitar æskunnar undir stjórn Paul Zukovsky á árunum 1985–1991 og hefur nokkrum sinnum leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Guðrún hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna óslitið frá byrjun árs 1991. Hún er í stjórn hljómsveitarinnar og hefur umsjón með vefsíðu hennar, en aðalstarf Guðrúnar er staða tölvunarfræðings hjá fyrirtækinu Mentor.



Beethoven, málverk frá u.þ.b. 1804., eftir Willibrod Josef Mahler.

Ludwig van Beethoven (1770–1827) náði hæstum hæðum í tónskáldskap sínum í sinfóníunum níu. Sú fyrsta sá þó ekki dagsins ljós fyrr en árið 1800 þegar tónskáldið stóð á þritugu. Beethoven hafði þá búið í Vín, höfuðborg tónlistarinnar, í átta ár. Þangað kom hann til að leita sér menntunar, frægðar og frama. Hann lærði fyrst hjá Haydn en þeir áttu ekki alveg skap saman svo hann sótti til annarra kennara, m.a. Albrechtsbergers og Salieris. Í Vín varð hann brátt þekktur sem afburða pianóleikari. Hann hélt tónleika og flutti sín eigin verk og annarra. Á mannamótum lék hann gjarnan af fingrum fram og þótti bera af öðrum í þeirri list. Einnig þóttu danslög hans betri en flestra annarra tónskálda. Haydn og Mozart voru jöfrar sinfóníunnar svo það var ekki heiglum hent að hefja feril á því sviði. Fyrsta sinfónía Beethovens er ótvírátt afsprengi þeirrar tónsköpunarhefðar sem ríkti í Vín. Hún markar einnig framhald og nýjungar. Hún er full af ferskum hugmyndum, reynir á hljóðfæraleikarana til hins itrasta og sló strax í gegn. Eða eins og einn samtímamaðurinn skrifaði: „Ef við sjáum hér aðeins grilla í klóna sem boðar komu ljónsins, þá er það aðeins vegna þess að ljóninu fannst skynsamlegra að ráðast ekki strax til atlögu.“